


Alþingi  
Erindi nr. P 139/1030  
komudagur 20. 12. 2010



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 20. desember 2010  
Tilvísun FLE 47-2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


b/t Kristjönu Benediktsdóttur

**Málefni:** Tillaga til þingsályktunar um setningu neyðarlaga til varnar  
almannahag, 96 mál.

Með tölvupósti dags. 3. desember s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar  
FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda  
  
Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1029  
komudagur 21.12.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)



Reykjavík, 21. desember 2010

**Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til þingmanna Hreyfingar vegna þingskjals nr. 102-96. máls, 138. löggjafarþingi, 2009-2010.**

Tillaga til þingsályktunar um setningu neyðarlaga til varnar almannahag.

**Almennt**

Hagsmunasamtök heimilanna taka undir og styðja meginefni og markmið tillögunnar, enda er hún að miklu leyti samhljóma tillögum samtakanna um almenna leiðréttingu húsnæðislána og fleiri aðgerða til að koma í veg fyrir að fjöldi fólks verði gjaldþrota og glati fjárræði sínu.

Í tillögunni mætti áréttar frekar takmörkun á vöxtum og jafnvel taka einhliða rétt bankanna til að ákvarða vexti. Þannig mætti koma í veg fyrir að bankarnir bæti sér upp afnáam verðtryggingar með frekari hækkun vaxta sem um langt árabíl hafa sligað samfélagið.

Sérstaklega skal tekið undir að nauðsyn þess að skilgreina raunhæf framfærsluviðmið og ábyrgð samfélagsins á að ALLIR hafi rétt til sómasamlegrar framfærslu.


Sett er spurningarmerki við tillögu um útgáfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa til 25 ára að lámarki.

Ákvæði um að kröfur fyrnist að hámarki tveimur árum, ætti að falla út þar sem það hefur nú þegar orðið að lögum.

Tekið er undir brýna þörf á að fá endanlegan úrskurð ESA / EFTA um brot á neytendaverndarlögum í „leiðréttingu“ ólögmetra gengistryggðra neytendalána og einnig innlendra lána áður en lántakar eru sviptir eigum sínum eða keyrðir í gjaldþrot. Eignaréttur skv. stjórnarskrá verður að gilda að jöfnu fyrir lántaka og lánveitendur, en ekki einhliða til handa lánveitendum.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)



Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Þorvaldur Þorvaldsson meðstjórnandi og Sveinbjörn Sveinsson meðstjórnandi



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/1032*  
*komudagur 23.12.2010*

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	21. desember 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 3. þ.m. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um setningu neyðarlaga til varnar almannahag, 96. mál.

Með hliðsjón af lögbundnu hlutverki Ríkisendurskoðunar telur hún ekki rétt að taka sérstaka afstöðu til ofangreindrar tillögu.



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 129/978  
komudagur 9.12.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2010 02-2010120131  
T-ums 90/10


**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um setningu neyðarlaga til varnar almannahag - 96. mál, þskj. 102.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 3. desember 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í tillögunni er lagt til að alþingi álykti að fela efnahags- og skattanefnd að undirbúa frumvarp til neyðarlaga til bjargar heimilum landsins.

Það er álit ríkisskattstjóra að ekki sé tilefni til að gera athugasemdir við efni tillögunnar enda um pólitískt mál að ræða sem fellur utan við starfssvið embættisins.

Virðingarfyllt

  
Skúli Eggert Póðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir



TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1031  
komudagur 20.12.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. desember 2010.

**Málefni:** *Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu neyðarlaga til varnar almannahag. Þingskjal 102 - 96. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Efnahags- og skattanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 3. desember sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um setningu neyðarlaga til varnar almannahag, 96. mál.

Tollstjóri tekur ekki sérstaka afstöðu til ofangreindrar tillögu til þingsályktunar en bendir á umsagnir sínar í ýmsum málum sem fram hafa komið á þingi sl. tvö ár og varða aðgerðir löggjafans í kjölfar efnahagshrunsins.

Virðingarfyllst,

Sigurður Skúli Bergsson  
aðstoðartollstjóri